

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/587****2021/EES/72/10****frá 14. júlí 2016**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 4. gr. (6. mgr.), 7. gr. (2. mgr.), 14. gr. (7. mgr.), 20. gr. (3. mgr.), 22. gr. (4. mgr.) og 23. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikið gagnsæi er nauðsynlegt til að tryggja að fjárfestar séu upplýstir á fullnægjandi hátt um eiginlegt umfang raunverulegra og mögulegra viðskipta með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga án tillits til þess hvort þessi viðskipti fara fram á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða hjá innmiðlurum eða utan þessara vettvanga. Þetta mikla gagnsæi ætti einnig að tryggja að verðákvörðunarferlið að því er varðar tiltekna fjármálagerninga sem viðskipti eru með á mismunandi viðskiptavettvöngum veikist ekki vegna tvístrunar seljanleika og að fjárfestar verði ekki fyrir tjóni.
- 2) Jafnframt er mikilvægt að viðurkenna að þær aðstæður geta komið upp þar sem veita ætti undanþágur frá kröfu um gagnsæi fyrir viðskipti eða fresta gagnsæisskyldum eftir viðskipti til að komast hjá ótilætluðum neikvæðum áhrifum á seljanleika sem leitt geta af skyldu um opinbera birtingu upplýsinga um tilboð og viðskipti og gera með því stöðuáhættur opinberar. Þess vegna þykir rétt að tilgreina nákvæmlega aðstæðurnar þegar veita má undanþágur frá kröfu um gagnsæi áður en viðskipti fara fram og fresta má kröfu um gagnsæi eftir viðskipti.
- 3) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla um þær kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem taka ættu gildi á sama tíma og til að hagsmunaaðilar, einkum þeir sem bundnir eru þessum skyldum, hafi betri yfirsýn og auðveldan aðgang að þeim, er æskilegt að safna þeim saman í eina reglugerð.
- 4) Þegar lögbær yfirvöld veita undanþágur í tengslum við kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti eða heimila frestun á gagnsæisskyldum eftir viðskipti, ættu þau að meðhöndla alla skipulega markaði, markaðstorg fjármálagerninga og verðbréfafyrirtæki sem eiga í viðskiptum utan viðskiptavettvanga jafnt og án mismununar.
- 5) Rétt þykir að gefa nánari skýringar á fáeinum tæknilegum hugtökum. Þessar tæknilegu skilgreiningar eru nauðsynlegar til að tryggja samræmda beitingu ákvæðanna í þessari reglugerð innan Sambandsins og þar með stuðla að því að koma á sameiginlegum reglum um fjármálamarkaði Sambandsins. Þessar skilgreiningar hafa eingöngu hagnýtt gildi í þeim tilgangi að fastsetja gagnsæisskyldur vegna hlutabréfa og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum og ættu eingöngu að gilda með tilliti til skilnings á þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 387. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

- 6) Með reglugerð (ESB) nr. 600/2014 nær gildissvið gagnsæisreglnanna yfir gerninga sem líkjast hlutabréfum svo sem heimildarskírteini, kauphallarsjóði og skírteini sem og hlutabréf og aðra gerninga er líkjast hlutabréfum sem aðeins eru viðskipti með á markaðstorgi fjármálagerninga. Til að koma á heildstæðum og samræmdum gagnsæisreglum er nauðsynlegt að aðlaga þær upplýsingar sem viðskiptavettvangar skulu birta opinberlega áður en viðskipti fara fram.
- 7) Viðskiptavettvangur sem starfrækir tilboðsbeiðnakerfi ætti a.m.k. að birta opinberlega gildandi verð kaup- og sölutilboða eða yfirlýstan viðskiptaáhuga og magnið sem býr að baki þessu verði eigi síðar en á þeim tíma þegar tilboðsbeiðandinn getur framkvæmt viðskiptin samkvæmt reglum kerfisins. Þetta er til að tryggja að aðilar eða þátttakendur sem leggja fyrstir fram tilboð sín til tilboðsbeiðandans séu ekki settir í slæma stöðu.
- 8) Nota ætti hina sértæku aðferðafræði og þau gögn sem nauðsynleg eru til að framkvæma útreikninga til að tilgreina þær gagnsæisreglur sem gilda um hlutabréf og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum og beita jafnframt sameiginlegum þáttum að því er varðar efni og tíðni gagnabeiðna sem beina skal til viðskiptavettvanga, viðurkenndra birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar að því er varðar gagnsæi og aðra útreikninga sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/577 ⁽¹⁾.
- 9) Reglurnar um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti sem settar voru með reglugerð (ESB) nr. 600/2014 ætti að aðlaga með hliðsjón af markaðnum og beita á samræmdan hátt í öllu Sambandinu. Einkum myndi föst ákvörðun á mörkuðum sem eiga best við með tilliti til seljanleika, stærð tilboða sem eru umfangsmikil eða staðlaðri markaðsstærð ekki ná nægilega vel utan um reglulegar breytingar á viðskiptamynstrum sem hafa áhrif á hlutabréf og gerninga sem líkjast hlutabréfum. Því skiptir miklu máli að mæla fyrir um þá nauðsynlegu útreikninga sem gera skal, þ.m.t. tímabilin sem taka skal tillit til við útreikningana og tímabilin sem niðurstöður þessara útreikninga gilda, útreikningsaðferðirnar og jafnframt tilgreiningu á hvaða lögbæra yfirvald ber ábyrgð á framkvæmd útreikninganna í samræmi við ákvörðun á viðkomandi lögbæru yfirvaldi að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 eins og tilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 ⁽²⁾. Til að komast hjá áhrifum sem valda röskun á markaði ættu útreikningstímabilin því að tryggja að viðeigandi viðmiðunarmörk samkvæmt reglunum séu uppfærð með hæfilegu millibili til að endurspeglar markaðsaðstæður. Einnig er við hæfi að kveða á um miðlæga birtingu á niðurstöðum útreikninganna þannig að þær séu aðgengilegar öllum þátttakendum á fjármálamarkaði og lögbærum yfirvöldum í Sambandinu á einum stað og á notendavænan hátt. Í því skyni ættu lögbær yfirvöld að tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) um niðurstöður útreikninga sinna og Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin ætti að birta þessa útreikninga á vefsetri sínu.
- 10) Til að framkvæma útreikningana til ákvörðunar á kröfum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti, í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ætti að fastsetja efni og tíðni gagnabeiðna sem og þau snið og tímasetningar sem viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar verða að fara eftir þegar þau svara slíkum beiðnum í samræmi við 4. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Nauðsynlegt er að birta niðurstöður útreikninganna sem gerðir eru á grundvelli gagnanna sem aflað er skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 til að upplýsa markaðsaðila um þær niðurstöður og ná fram gagnsæi fyrir og eftir viðskipti í reynd. Einnig er við hæfi að kveða á um miðlæga birtingu á niðurstöðum útreikninganna þannig að þær séu aðgengilegar öllum þátttakendum á fjármálamarkaði og lögbærum yfirvöldum í Sambandinu á einum stað og á notendavænan hátt. Í því skyni ættu lögbær yfirvöld að tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um niðurstöður útreikninga sinna og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti síðan að birta þessa útreikninga á vefsetri sínu.
- 11) Að því er varðar kauphallarsjóði, og andstætt hlutabréfum, heimildarskírteinum og öðrum svipuðum fjármálagerningum, virðist meðaldagsvelta ekki vera heppilegur grundvöllur fyrir kvörðun á viðmiðunarmörkum um umfangsmikil fyriræli. Ekki er hægt að mæla raunverulegan seljanleika þessara gerninga nægilega vel með meðaldagsveltu þar sem fyrirkomulag stofnunar og innlausnar hjá kauphallarsjóðum heimila aðgang að frekari og óbirtum seljanleika. Til að draga úr hættunni á að reglur verði sniðgengnar er einnig mikilvægt að tveir kauphallarsjóðir með sama undirliggjandi

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/577 frá 13. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kerfi um hámarks magn og tilhögun upplýsingagjafar að því er varðar gagnsæi og aðra útreikninga (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 174).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga um fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 126).

þátt hafi sömu viðmiðunarmörk um umfangsmikil fyrirmæli hvort sem meðaldagsvelta þeirra er svipuð eða ekki. Þess vegna ætti að setja ein viðmiðunarmörk um umfangsmikil fyrirmæli sem gilda fyrir alla kauphallarsjóði án tillits til undirliggjandi þáttar þeirra eða seljanleika.

- 12) Upplýsingar sem krafist er að séu gerðar aðgengilegar eins nálægt rauntíma og unnt er ættu að vera aðgengilegar eins fljótt og tæknilega er mögulegt, að því gefnu að hlutaðeigandi aðili sé nægilega skilvirkur og leggi nægilega mikið fé til kerfa sinna. Einungis í undantekningartilvikum ætti að birta upplýsingarnar nálægt fyrirframgefnum lokafresti, ef ekki er unnt að birta upplýsingar innan styttri tímamarka með fyrirliggjandi kerfum.
- 13) Verðbréfafyrirtæki ættu að birta opinberlega upplýsingar um viðskipti sem eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs fyrir tilstilli viðurkenndrar birtingarþjónustu. Því ætti að kveða á um hvernig verðbréfafyrirtæki veita viðurkenndri birtingarþjónustu nánari upplýsingar um viðskipti og ættu þau ákvæði að gilda ásamt kröfunum sem eiga við um viðurkennda birtingarþjónustu sem tilgreindar eru í framseldri reglugerð (ESB) 2017/571.
- 14) Fjárfestar þurfa að hafa áreiðanlegar og tímanlegar upplýsingar um hve mikill viðskiptaáhugi er á fjármálagerningum. Upplýsingar um tilteknar tegundir viðskipta, s.s. framlagningu fjármálagerninga sem tryggingu, veita fjárfestum ekki þýðingarmiklar upplýsingar um umfang raunverulegs viðskiptaáhuga á fjármálagerningi. Að skylda verðbréfafyrirtæki til að birta opinberlega þessi viðskipti myndi hafa í för með sér verulegar rekstrarlegar áskoranir og mikinn kostnað án þess að bæta verðmyndunarferlið. Gagnsæisskyldur að viðskiptum loknum, að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru utan viðskiptavettvanga, ættu því aðeins að gilda þegar hlutabréf, hlutdeildarskírteini, kauphallarsjóðir, skírteini eða aðrir svipaðir fjármálagerningar eru keyptir eða seldir. Það skiptir sköpum að tiltekin viðskipti, s.s. þau sem fela í sér notkun þessara fjármálagerninga sem trygginga, lána eða í öðrum tilgangi þar sem viðskipti með fjármálagerninga ákvarðast af öðrum þáttum en gildandi markaðsmati á fjármálagerningnum, séu ekki birt þar sem þau hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið og slíkt gæti leitt til ruglings meðal fjárfesta og hindrað bestu framkvæmd.
- 15) Að því er varðar viðskipti sem eru framkvæmd utan reglna viðskiptavettvangs er nauðsynlegt að skýra hvaða verðbréfafyrirtæki eigi að gera viðskipti opinber í tilvikum þar sem báðir aðilar að viðskiptunum eru verðbréfafyrirtæki með staðfestu í Sambandinu til að tryggja að opinber birting upplýsinganna um viðskiptin sé ekki tvítekin. Ábyrgðin á að birta upplýsingar um viðskiptin ætti þess vegna ætíð að hvíla á verðbréfafyrirtækinu sem selur nema aðeins einn mótaðilanna sé innmiðlari og það sé fyrirtækið sem kaupir.
- 16) Ef aðeins einn mótaðilanna er innmiðlari í tilteknum fjármálagerningi og hann er einnig fyrirtækið sem kaupir þann gerning ætti hann að vera ábyrgur fyrir að gera viðskiptin opinber þar sem viðskiptavinir hans búast við að hann geri það og hann er í betri stöðu til að fylla út upplýsingareitinn þar sem getið er stöðu hans sem innmiðlara. Til að tryggja að viðskiptaupplýsingarnar séu eingöngu birtar einu sinni ætti innmiðlarinn að upplýsa hinn aðilann um að hann birti viðskiptin opinberlega.
- 17) Mikilvægt er að viðhalda núverandi gæðum við opinbera birtingu upplýsinga um viðskipti sem eru framkvæmd sem samtengd viðskipti til þess að komast hjá birtingu upplýsinga um stök viðskipti eins og þau væru fleiri viðskipti og veita réttarvissu um hvaða verðbréfafyrirtæki er ábyrgt fyrir að birta upplýsingar um viðskipti. Tvenn sams konar viðskipti sem eru framkvæmd á sama tíma og á sama verði með sama milliliði ættu þess vegna að vera birt sem ein viðskipti.
- 18) Til að tryggja að nýja reglugerfið um gagnsæi geti virkað á skilvirkan hátt, þykir rétt að kveða á um öflun tiltekinna gagna og skjóta birtingu á mörkuðum sem eiga best við með tilliti til seljanleika, stærð tilboða sem teljast umfangsmikil, viðmiðunarmörk um frestun birtingar og staðlaðar markaðsstærðir.
- 19) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa virkni fjármálamarkaðsins, að ákvæðin í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi. Til að tryggja að nýja reglugerfið um gagnsæi geti virkað á skilvirkan hátt ættu þó tiltekin ákvæði í þessari reglugerð að koma til framkvæmda frá og með gildistöku hennar.

- 20) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 21) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENNT

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „safnviðskipti (e. *portfolio trade*)“: viðskipti með fimm eða fleiri mismunandi fjármálagerninga þar sem sami viðskiptavinur á í þessum viðskiptum á sama tíma og þannig að um eina heild er að ræða gegn tilteknu viðmiðunarverði,
- 2) „staðgönguviðskipti (e. *give-up transaction*)“: eða „viðtökuviðskipti (e. *give-in transaction*)“: viðskipti þar sem verðbréfafyrirtæki framselur öðru verðbréfafyrirtæki viðskipti viðskiptavinar eða tekur við viðskiptum viðskiptavinar frá öðru verðbréfafyrirtæki til eftirviðskiptavinnslu.
- 3) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“: fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og þau eru skilgreind í 6. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/577,
- 4) „innmiðlari“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 20. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽²⁾.

2. gr.

Viðskipti sem hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið

(Ákvæði 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Viðskipti með hlutabréf hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið við einhverjar eftirfarandi aðstæður:

- a) viðskiptin eru framkvæmd með viðmiðun við verð sem er reiknað út yfir fleiri en einn tímapunkt samkvæmt tilteknu viðmiðunargildi, þ.m.t. viðskipti sem eru framkvæmd með viðmiðun við magnvegið meðalverð (e. *volume-weighted average price*) eða tímavegið meðalverð (e. *time-weighted average price*),
- b) viðskiptin eru hluti af safnviðskiptum,
- c) viðskiptin eru háð kaupum, sölu, stofnun eða innlausn afleiðusamnings eða annars fjármálagernings þar sem framkvæma á alla þætti viðskiptanna sem eina heild,
- d) viðskiptin eru framkvæmd af rekstrarfélagi eins og það er skilgreint í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽³⁾ eða af rekstraraðila sérhæfðra sjóða eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ⁽⁴⁾ sem yfirfærir raunverulegt eignarhald á hlutunum frá einum sjóði um sameiginlega fjárfestingu til annars og ef ekkert verðbréfafyrirtæki á aðild að viðskiptunum,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtuð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtuð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtuð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtuð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

- e) viðskiptin eru staðgöngu- eða viðtökuviðskipti,
- f) tilgangur viðskiptanna er að framselja hlutabréf sem tryggingu í tvíhliða viðskiptum eða í tengslum við kröfur miðlægs mótaðila um tryggingar eða veð eða sem hluta af vanskilastýringarferli miðlægs mótaðila,
- g) viðskiptin leiða til afhendingar hlutabréfa í tengslum við nýtingu breytanlegra skuldabréfa, valréttá, varinna áskriftarréttinda eða annarra svipaðra afleiðna,
- h) viðskiptin eru fjármögnunarviðskipti með verðbréf,
- i) viðskiptin fara fram samkvæmt reglum eða ferlum viðskiptavettvangs, miðlægs mótaðila eða verðbréfamiðstöðvar til að koma í kring uppgjörskaupum (e. *buy-in*) á óuppgerðum viðskiptum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 ⁽¹⁾.

II. KAFLI

GAGNSÆI ÁÐUR EN VIÐSKIPTI FARA FRAM

1. þáttur

Gagnsæi viðskiptavettvanga áður en viðskipti fara fram

3. gr.

Skylda um gagnsæi áður en viðskipti fara fram

(Ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Markaðsaðilar og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang skulu birta opinberlega bil kaup- og sölutilboða og magn í boði á því verði. Upplýsingarnar skal gera opinberar í samræmi við tegund viðskiptakerfa sem þau starfrækja, eins og tilgreint er í töflu 1 í I. viðauka.
2. Kröfur um gagnsæi sem um getur í 1. mgr. skulu einnig gilda um „yfirlýstan viðskiptaáhuga“ eins og hann er skilgreindur í 33. lið 1. mgr. 2. gr. og í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

4. gr.

Markaður sem á best við með tilliti til seljanleika

(Ákvæði a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Að því er varðar a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal sá markaður sem best á við með tilliti til seljanleika hlutabréfs, heimildarskírteinis, kauphallarsjóðs, skírteinis eða annars svipaðs fjármálagernings teljast vera viðskiptavettvangurinn með mesta veltu með þann fjármálagerning innan Sambandsins.
2. Til að ákvarða hvaða markaðir eiga best við með tilliti til seljanleika í samræmi við 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld reikna út veltu í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 4. mgr. 17. gr. fyrir hvern fjármálagerning sem þau eru lögbært yfirvald yfir og fyrir hvern viðskiptavettvang þar sem viðskipti eru með þann fjármálagerning.
3. Útreikningurinn sem um getur í 2. mgr. skal:
 - a) taka til, fyrir hvern viðskiptavettvang, viðskipta sem framkvæmd eru samkvæmt reglum þess viðskiptavettvangs, að frátöldu viðmiðunarverði og umsömdum viðskiptum sem eru flögguð eins og fram kemur í töflu 4 í I. viðauka og viðskiptum sem framkvæmd eru á grundvelli a.m.k. eins tilboðs sem hefur fengið undanþágu vegna umfangsmikilla viðskipta og ef viðskiptin eru stærri en sem nemur viðeigandi viðmiðunarmörkum um umfangsmikil viðskipti sem ákvörðuð eru í samræmi við 7. gr.,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

- b) ná yfir annaðhvort næstliðið almanaksár eða, eftir atvikum, það tímabil á næstliðnu almanaksári sem fjármálagerningurinn var tekinn til viðskipta á eða viðskipti voru með hann á viðskiptavettvangi án þess að viðskipti með hann væru stöðvuð tímabundið.
4. Þar til ákvörðun hefur verið tekin um hvaða markaður á best við með tilliti til seljanleika fyrir tiltekinn fjármálagerning, í samræmi við verklagið sem tilgreint er í 1.–3. mgr., skal sá markaður sem best á við með tilliti til seljanleika teljast vera sá viðskiptavettvangur þar sem fjármálagerningurinn er fyrst tekinn til viðskipta eða viðskipti eru fyrst með hann.
5. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki um hlutabréf, heimildarskríteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem fyrst voru teknir til viðskipta eða viðskipti voru fyrst með á viðskiptavettvangi fjórum vikum eða skemur fyrir lok næstliðins almanaksárs.

5. gr.

Sérstakir eiginleikar umsaminna viðskipta

(Ákvæði b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Umsamin viðskipti með hlutabréf, heimildarskríteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga skulu teljast viðskipti sem samið er um á einkavettvangi en tilkynnt er um samkvæmt reglum viðskiptavettvangs ef einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við:

- a) tveir aðilar að eða þátttakendur í þeim viðskiptavettvangi eiga í hlut á einhvern eftirfarandi hátt:
- annar á í viðskiptum fyrir eigin reikning en hinn kemur fram fyrir hönd viðskiptavinar,
 - báðir eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning,
 - báðir koma fram fyrir hönd viðskiptavina,
- b) einn aðili eða þátttakandi í viðskiptavettvangnum gerir annaðhvort af eftirfarandi:
- kemur fram fyrir hönd bæði kaupanda og seljanda,
 - á í viðskiptum fyrir eigin reikning í því skyni að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar.

6. gr.

Umsamin viðskipti sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði

(Ákvæði b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Umsamin viðskipti með hlutabréf, heimildarskríteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga skulu teljast háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði fjármálagerningsins ef einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við:

- viðskiptin eru framkvæmd með viðmiðun við verð sem er reiknað út yfir fleiri en einn tímupunktur samkvæmt tilteknu viðmiðunargildi, þ.m.t. viðskipti sem eru framkvæmd með viðmiðun við magnvegið meðalverð eða tímavegið meðalverð,
- viðskiptin eru hluti af safnviðskiptum,
- viðskiptin eru háð kaupum, sölu, stofnun eða innlausn afleiðusamnings eða annars fjármálagernings þar sem framkvæma á alla þætti viðskiptanna sem eina heild,
- viðskiptin eru framkvæmd af rekstrarfélagi eins og það er skilgreint í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, sem yfirferir raunverulegt eignarhald fjármálagerninga frá einum sjóði um sameiginlega fjárfestingu til annars og þar sem ekkert verðbréfafyrirtæki er aðili að viðskiptunum,
- viðskiptin eru staðgöngu- eða viðtökuviðskipti,
- tilgangur viðskiptanna er að framselja fjármálagerninga sem tryggingu í tvíhliða viðskiptum eða í tengslum við kröfur miðlægs mótaðila um tryggingar eða veð eða sem hluta af vanskilastýringarferli miðlægs mótaðila,

- g) viðskiptin leiða til afhendingar fjármálagerninga í tengslum við nýtingu breytanlegra skuldabréfa, valréttta, varinna áskriftarréttinda eða annarrar svipaðrar fjármálaafleiðu,
- h) viðskiptin eru fjármögnunarviðskipti með verðbréf,
- i) viðskiptin fara fram samkvæmt reglum eða ferlum viðskiptavettvangs, miðlægs mótaðila eða verðbréfamiðstöðvar til að koma í kring uppgjörskaupum á óuppgerðum viðskiptum í samræmi við reglugerð (ESB) 909/2014,
- j) hvers kyns önnur viðskipti sem svara til einhverra þeirra viðskipta sem lýst er í a- til i-lið að því leyti að þau eru háð tæknilegum eiginleikum sem eru ótengdir gildandi markaðsvirði fjármálagerningsins sem viðskipti eru höfð með.

7. gr.

Tilboð sem eru umfangsmikil

(Ákvæði c-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Tilboð sem varðar hlutabréf, heimildarskírteini, skírteini eða annan svipaðan fjármálagerning skal teljast umfangsmikið ef tilboðið er jafnstórt eða stærra en lágmarksstærð tilboðs sem tilgreint er í töflu 1 eða 2 í II. viðauka.
2. Tilboð sem varðar kauphallarsjóð skal teljast umfangsmikið ef það er jafnstórt eða stærra en 1 000 000 evrur.
3. Til að ákvarða hvaða tilboð eru umfangsmikil skulu lögbær yfirvöld reikna út, í samræmi við 4. mgr., meðaldagsveltu hlutabréfa, heimildarskírteina, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga sem viðskipti eru höfð með á viðskiptavettvangi.
4. Útreikningurinn sem um getur í 3. mgr. skal:
 - a) taka til viðskipta með fjármálagerninginn sem framkvæmd eru í Sambandinu hvort sem viðskiptin fara fram innan eða utan viðskiptavettvangs,
 - b) ná yfir tímabilið sem hefst 1. janúar næstliðins almanaksárs og lýkur 31. desember næstliðins almanaksárs eða, eftir atvikum, þann hluta almanaksársins sem fjármálagerningurinn var tekinn til viðskipta á eða viðskipti voru með hann á viðskiptavettvangi og án þess að viðskipti með hann væru stöðvuð tímabundið.

Ákvæði 3. og 4. mgr. gilda ekki um hlutabréf, heimildarskírteini, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem fyrst voru teknir til viðskipta eða viðskipti voru fyrst með á viðskiptavettvangi fjórum vikum eða skemur fyrir lok næstliðins almanaksárs.

5. Nema verðinu eða öðrum viðeigandi skilyrðum fyrir framkvæmd fyrirmæla sé breytt skal undanþágan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 gilda áfram um tilboð sem eru umfangsmikil þegar þau eru færð inn í tilboðaskrá en sem eru, eftir framkvæmd að hluta, undir þeim viðmiðunarmörkum sem gilda um þann fjármálagerning eins og þau eru ákvörðuð í samræmi við 1. og 2. mgr.
6. Áður en viðskipti eru höfð með hlutabréf, heimildarskírteini, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga í fyrsta sinn á viðskiptavettvangi í Sambandinu skal lögbæra yfirvaldið meta meðaldagsveltu þess fjármálagernings að teknu tilliti til fyrri viðskiptasögu hans og annarra fjármálagerninga sem teljast hafa svipaða eiginleika og tryggja opinbera birtingu þess mats.
7. Nota skal þá áætluðu meðaldagsveltu sem um getur í 6. mgr. við útreikning tilboða sem eru umfangsmikil yfir sex vikna tímabil í kjölfar þess dags sem hlutabréfið, heimildarskírteinið, skírteinið eða viðkomandi annar svipaður fjármálagerningur var tekinn til viðskipta eða viðskipti voru fyrst höfð með hann á viðskiptavettvangi.
8. Lögbæra yfirvaldið skal reikna út og tryggja opinbera birtingu meðaldagsveltu á grundvelli fyrstu fjögurra vikna viðskipta, fyrir lok þess sex vikna tímabils sem um getur í 7. mgr.

9. Nota skal meðaldagsveltuna, sem um getur í 8. mgr. til að reikna út tilboð sem eru umfangsmikil þar til meðaldagsvelta sem er reiknuð út í samræmi við 3. mgr. á við.

10. Að því er varðar þessa grein skal reikna út meðaldagsveltu með því að deila í heildarveltu tiltekins fjármálagernings, eins og tilgreint er í 4. mgr. 17. gr., með fjölda viðskiptadaga á viðkomandi tímabili. Fjöldi viðskiptadaga á viðkomandi tímabili er fjöldi viðskiptadaga á þeim markaði sem á best við með tilliti til seljanleika fyrir þann fjármálagerning, eins og ákvarðað er í samræmi við 4. gr.

8. gr.

Tegund og lágmarksstærð tilboða sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi

(Ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Tilboð að þeirri tegund sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangs og þar til þau eru birt og heimilt er að undanþiggja frá gagnsæisskyldum áður en viðskipti fara fram eru tilboð sem:

- a) fyrirhugað er að birta í tilboðaskránni sem viðskiptavettvangurinn heldur og lúta hlutlægum skilyrðum sem eru skilgreind fyrirfram í samskiptaferlum kerfisins,
- b) geta ekki mætt öðrum fyrirbyggjandi viðskiptaáhuga fyrir birtingu í tilboðaskránni sem viðskiptavettvangurinn heldur,
- c) mæta, þegar þau hafa verið birt í tilboðaskránni, öðrum tilboðum í samræmi við þær reglur sem gilda um þess konar tilboð á birtingartímanum.

2. Tilboð sem eru geymd í tilboðaumsýslukerfi viðskiptavettvangs þar til þau eru birt og heimilt er að undanþiggja frá skyldum um gagnsæi áður en viðskipti fara fram skulu, við innsetningu og eftir hvers kyns breytingu, vera af annarri hvorri eftirfarandi stærða:

- a) sé um að ræða ísjakatilboð (e. *reserve order*), stærri en eða jöfn 10 000 evrum,
- b) að því er varðar öll önnur tilboð, stærri en eða jöfn lágmarksmagni viðskipta sem rekstraraðili kerfisins skilgreinir fyrirfram samkvæmt reglum sínum og samskiptaferlum.

3. Ísjakatilboð eins og um getur í a-lið 2. mgr. skal teljast skilyrt tilboð (e. *limit order*) sem samanstendur af birtu tilboði sem varðar hluta af magni og óbirtu tilboði sem varðar eftirstandandi magn ef viðskipti með óbirta magnið er aðeins unnt að framkvæma eftir birtingu þess í tilboðaskránni sem nýs birts tilboðs.

2. þáttur

Gagnsæi áður en viðskipti fara fram fyrir innmiðlara og verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti utan viðskiptavettvangs

9. gr.

Fyrirkomulag birtingar á bindandi verðtilboði

(Ákvæði 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Fyrirkomulag sem innmiðlari kemur á til að uppfylla skyldur um að birta bindandi verðtilboð opinberlega skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) fyrirkomulagið feli í sér allar eðlilegar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að upplýsingarnar sem birta á séu áreiðanlegar, undir stöðugu eftirliti með villum og þær séu leiðréttar um leið og villur finnast,
- b) fyrirkomulagið sé í samræmi við tæknilegar ráðstafanir sem samsvara þeim sem tilgreindar eru fyrir viðurkennda birtingarþjónustu í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571 og greiða fyrir sameiningu viðkomandi gagna og svipaðra gagna annars staðar frá,

- c) fyrirkomulagið geri upplýsingarnar aðgengilegar almenningi án mismununar,
- d) fyrirkomulagið feli í sér opinbera birtingu tímans sem verðtilboð hafa verið færð inn eða þeim breytt, í samræmi við 50. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eins og tilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 ⁽¹⁾.

10. gr.

Verð sem endurspeglar ríkjandi markaðsaðstæður

(Ákvæði 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Verð sem innmiðlari birtir opinberlega telst endurspeglar ríkjandi markaðsaðstæður ef það er, á tíma birtingar, nálægt verðtilboðum af svipaðri stærð vegna sama fjármálagernings á þeim markaði sem best á við með tilliti til seljanleika, eins og ákvarðað er í samræmi við 4. gr., fyrir þann fjármálagerning.

11. gr.

Stöðluð markaðsstærð

(Ákvæði 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Stöðluð markaðsstærð hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga sem virkur markaður er með skal ákvörðuð á grundvelli meðalvirðis viðskipta með hvern fjármálagerning sem er reiknað út í samræmi við 2. og 3. mgr. og í samræmi við töflu 3 í II. viðauka.
2. Til að ákvarða staðlaða markaðsstærð sem gildir um tiltekinn fjármálagerning, sbr. 1. mgr., skulu lögbær yfirvöld reikna út meðalvirði viðskipta fyrir öll hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, virkur markaður er með og þau eru lögbær yfirvöld yfir.
3. Útreikningurinn sem um getur í 2. mgr. skal:
 - a) taka til viðskipta með viðkomandi fjármálagerning sem framkvæmd eru í Sambandinu, hvort sem þau eru framkvæmd innan eða utan viðskiptavettvangs,
 - b) ná yfir annaðhvort næstliðið almanaksár eða, eftir atvikum, það tímabil á næstliðnu almanaksári sem fjármálagerningurinn var tekinn til viðskipta á eða viðskipti voru með hann á viðskiptavettvangi og án þess að viðskipti með hann væru stöðvuð tímabundið,
- c) undanskilja umfangsmikil viðskipti áður en viðskipti fara fram eins og fram kemur í töflu 4 í I. viðauka.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki um hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem fyrst voru teknir til viðskipta eða viðskipti voru fyrst með á viðskiptavettvangi fjórum vikum eða skemur fyrir lok næstliðins almanaksárs.

4. Áður en viðskipti eru höfð með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga í fyrsta sinn á viðskiptavettvangi í Sambandinu skal lögbæra yfirvaldið meta meðaldagsveltu þess fjármálagernings að teknu tilliti til fyrri viðskiptasögu hans og annarra fjármálagerninga sem teljast hafa svipaða eiginleika og tryggja opinbera birtingu þess mats.
5. Nota skal áætlað meðalvirði viðskipta sem um getur í 4. mgr. sem staðlaða markaðsstærð fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóð, skírteini eða annan svipaðan fjármálagerning á sex vikna tímabili í kjölfar dagsins sem hlutabréfið, heimildarskírteinið, kauphallarsjóðurinn, skírteinið eða viðkomandi annar svipaður fjármálagerningur var fyrst tekinn til viðskipta eða viðskipti voru fyrst höfð með hann á viðskiptavettvangi.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna (Stjttð. ESB L 87, 31.03.2017, bls. 148).

6. Lögbæra yfirvaldið skal reikna út og tryggja opinbera birtingu meðalvirðis viðskipta á grundvelli fyrstu fjögurra vikna viðskipta, fyrir lok sex vikna tímabilsins sem um getur í 5. mgr.
7. Meðalvirði viðskipta sbr. 6. mgr. skal gilda strax eftir opinbera birtingu þess og þar til nýtt meðalvirði viðskipta sem er reiknað út í samræmi við 2. og 3. mgr. tekur gildi.
8. Að því er varðar þessa grein skal reikna út meðalvirði viðskipta með því að deila í heildarveltu tiltekins fjármálagernings, eins og tilgreint er í 4. mgr. 17. gr., með heildarfjölda viðskipta sem framkvæmd eru með þann fjármálagerning á viðkomandi tímabili.

III. KAFLI

GAGNSÆI AÐ VIÐSKIPTUM LOKNUM FYRIR VIÐSKIPTAVETTVAंगा OG VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI SEM EIGA Í VIÐSKIPTUM UTAN VIÐSKIPTAVETTVAंगा

12. gr.

Skyldur um gagnsæi að viðskiptum loknum

(Ákvæði 1. mgr. 6. gr. og 1. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og verðbréfafyrirtæki sem eiga í viðskiptum utan reglna viðskiptavettvangs skulu birta opinberlega upplýsingar um hver slík viðskipti með því að nota viðmiðunartölur 2, 3, og 4 í I. viðauka.
2. Séu áður birtar upplýsingar um viðskipti afturkallaðar skulu verðbréfafyrirtæki sem eiga í viðskiptum utan viðskiptavettvangs og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang birta opinberlega nýjar upplýsingar sem hafa að geyma allar upprunalegu upplýsingarnar og flöggunina um afturköllun sem tilgreind er í töflu 4 í I. viðauka.
3. Sé áður birtum upplýsingum um viðskipti breytt skulu rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og verðbréfafyrirtæki sem eiga í viðskiptum utan viðskiptavettvangs birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega:
 - a) nýjar upplýsingar um viðskipti sem hafa að geyma allar upprunalegu upplýsingarnar og flöggunina um afturköllun sem tilgreind er í töflu 4 í I. viðauka,
 - b) nýjar upplýsingar um viðskipti sem hafa að geyma allar upprunalegu upplýsingarnar með öllum nauðsynlegum leiðréttingum og flöggunina um afturköllun sem tilgreind er í töflu 4 í I. viðauka,
4. Fari viðskipti milli tveggja verðbréfafyrirtækja fram utan reglna viðskiptavettvangs, annaðhvort fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina skal aðeins verðbréfafyrirtækið sem selur viðkomandi fjármálagerning birta viðskiptin opinberlega í gegnum viðurkennda birtingarþjónustu.
5. Ef aðeins annað verðbréfafyrirtækið sem er aðili að viðskiptunum er innmiðlari með viðkomandi fjármálagerning og það kemur fram sem fyrirtækið sem kaupir skal aðeins það fyrirtæki birta viðskiptin opinberlega í gegnum viðurkennda birtingarþjónustu og upplýsa seljandann um þá aðgerð, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr.
6. Verðbréfafyrirtæki skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að viðskiptin séu birt opinberlega sem ein viðskipti. Í þessu tilliti teljast tvönn viðskipti sem parast og eru færð inn á sama tíma, á sama verði og við einn milligönguaðila teljast ein viðskipti.

13. gr.

Beiting gagnsæisskyldu að viðskiptum loknum á tilteknar tegundir viðskipta sem framkvæmd eru utan viðskiptavettvangs

(Ákvæði 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Skyldan sem 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014 kveður á um skal ekki gilda um eftirfarandi:

- a) undanþegin viðskipti sem talin eru upp í 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ⁽¹⁾, eftir atvikum,

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtið. ESB L 87, 31.03.2017, bls. 449).

- b) viðskipti sem eru framkvæmd í gegnum rekstrarfélag eins og það er skilgreint í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, sem yfirfærir raunverulegt eignarhald fjármálagerninganna frá einum sjóði um sameiginlega fjárfestingu til annars og án þess að verðbréfafyrirtæki sé aðili að viðskiptunum,
- c) staðgöngu- og viðtökuviðskipti,
- d) framsal á fjármálagerningum sem tryggingu í tvíhliða viðskiptum eða í tengslum við kröfur miðlægs mótaðila um tryggingar eða veð eða sem hluta af vanskilastýringarferli miðlægs mótaðila.

14. gr.

Opinber birting í rauntíma á upplýsingum um viðskipti

(Ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Eigi viðskipti sér stað á tilteknum viðskiptavettvangi skulu eftirviðskiptaupplýsingar birtar opinberlega við eftirfarandi aðstæður:
 - a) eigi viðskiptin sér stað á daglegum viðskiptatíma viðskiptavettvangsins, eins nálægt rauntíma og tæknilega er unnt og í öllum tilvikum innan mínútu frá viðkomandi viðskiptum,
 - b) eigi viðskiptin sér stað utan daglegs viðskiptatíma viðskiptavettvangsins, áður en næsti viðskiptadagur hefst á þeim viðskiptavettvangi.
2. Eigi viðskipti sér stað utan tiltekins viðskiptavettvangs skulu eftirviðskiptaupplýsingar birtar opinberlega við eftirfarandi aðstæður:
 - a) eigi viðskiptin sér stað á daglegum viðskiptatíma markaðarins sem best á við með tilliti til seljanleika, sem ákvarðaður er í samræmi við 4. gr., fyrir hlutabréfið, heimildarskírteinið, kauphallarsjóðinn, skírteinið eða viðkomandi annan svipaðan fjármálagerning, eða á daglegum viðskiptatíma verðbréfafyrirtækisins, skal opinbera birtingin fara fram eins nálægt rauntíma og tæknilega er unnt og í öllum tilvikum innan mínútu frá viðkomandi viðskiptum,
 - b) falli viðskiptin ekki undir a-lið, tafarlaust við upphaf daglegs viðskiptatíma verðbréfafyrirtækisins eða í síðasta lagi áður en næsti viðskiptadagur hefst á markaðnum sem best á við með tilliti til seljanleika eins og sá markaður er ákvarðaður í samræmi við 4. gr.
3. Upplýsingar um safnviðskipti skulu birtar opinberlega um hver einstök viðskipti eins nálægt rauntíma og tæknilega er unnt, með hliðsjón af nauðsyn þess að ákvarða verð tiltekinn hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga. Hver einstök viðskipti skal meta sérstaklega til að ákvarða hvort frestun opinberrar birtingar á við um þau viðskipti skv. 15. gr.

15. gr.

Frestun á birtingu upplýsinga um viðskipti

(Ákvæði 1. mgr. 7. gr. og 1. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Heimili lögbært yfirvald frestun opinberrar birtingar upplýsinga um viðskipti skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang og verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti utan viðskiptavettvangs birta hver viðskipti opinberlega eigi síðar en í lok viðkomandi tímabils eins og sett er fram í töflum 4, 5 og 6 í II. viðauka að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) viðskiptin séu milli verðbréfafyrirtækis sem á í viðskiptum fyrir eigin reikning án þess að fara fram gegnum pörud miðlaraviðskipti (e. *matched principal trading*), og annars mótaðila,
 - b) stærð viðskiptanna er jöfn eða yfir viðeigandi lágmarksstærð sem er tilgreind í töflum 4, 5 og 6 í II. viðauka, eftir því sem við á.
2. Tilskilin lágmarksstærð, að því er varðar b-lið 1. mgr., skal ákvörðuð í samræmi við meðaldagsveltu sem reiknuð er út í samræmi við 7. gr.

3. Að því er varðar viðskipti sem heimilt er að fresta birtingu á þar til í lok viðskiptadags, eins og tilgreint er í töflum 4, 5 og 6 í II. viðauka skulu verðbréfafyrirtæki sem eiga í viðskiptum utan viðskiptavettvangs og rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, sem starfrækja viðskiptavettvang, birta upplýsingar um þessi viðskipti annaðhvort:

- a) eins nálægt rauntíma og unnt er eftir lok viðskiptadagsins að meðtöldu lokauppbóði, eftir atvikum, sé um að ræða viðskipti sem framkvæmd eru meira en tveimur klukkustundum fyrir lok viðskiptadagsins,
- b) eigi síðar en á hádegi að staðartíma næsta viðskiptadag sé um að ræða viðskipti sem falla ekki undir a-lið.

Sé um að ræða viðskipti sem fara fram utan viðskiptavettvangs skulu vísanir til viðskiptadaga og lokauppbóða eiga við þann markað sem best á við með tilliti til seljanleika eins og hann er ákvarðaður í samræmi við 4. gr.

4. Séu viðskipti milli tveggja verðbréfafyrirtækja framkvæmd utan reglna viðskiptavettvangs skal lögbært yfirvald þess verðbréfafyrirtækis sem ber ábyrgð á að birta viðskiptin opinberlega gegnum viðurkennda birtingarþjónustu, í samræmi við 5. og 6. mgr. 12. gr., teljast yfirvaldið sem er lögbært til að ákvarða hvaða frestunareglur eiga við.

16. gr.

Vísanir til viðskiptadags og daglegs viðskiptatíma

1. Vísun til viðskiptadags í tengslum við viðskiptavettvang er vísun til hvaða dags sem er sem viðskiptavettvangurinn er opin fyrir viðskipti.
2. Vísun til daglegs viðskiptatíma viðskiptavettvangs eða verðbréfafyrirtækis er vísun til þess tíma sólarhrings sem viðskiptavettvangurinn eða verðbréfafyrirtækið fastsetur fyrir fram og auglýsir opinberlega sem viðskiptatíma sinn.
3. Vísun til upphafs viðskiptadags hjá tilteknum viðskiptavettvangi er vísun til upphafs daglegs viðskiptatíma þess viðskiptavettvangs.
4. Vísun til loka viðskiptadags hjá tilteknum viðskiptavettvangi er vísun til loka daglegs viðskiptatíma þess viðskiptavettvangs.

IV. KAFLI

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM GAGNSÆI BÆÐI FYRIR OG EFTIR VIÐSKIPTI

17. gr.

Aðferðir, birtingardagur og gildistökdagur gagnsæisútreikninga

(Ákvæði 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

1. Í síðasta lagi 14 mánuðum eftir að reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og í síðasta lagi 1. mars ár hvert eftir það skulu lögbær yfirvöld, í tengslum við hvern fjármálagerning sem þau eru lögbært yfirvald yfir, safna gögnum fyrir, reikna út og tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu birtar:

- a) viðskiptavettvangur sem á best við með tilliti til seljanleika, sbr. 2. mgr. 4. gr.,
- b) meðaldagsvelta, til að greina stærð tilboða sem eru umfangsmikil, sbr. 3. mgr. 7. gr.,
- c) meðalvirði viðskipta, til að ákvarða staðlaða markaðsstærð, sbr. 2. mgr. 11. gr.

2. Lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu nota þær upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við 1. mgr., að því er varðar a- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, í 12 mánuði frá 1. apríl á árinu sem upplýsingarnar eru birtar.

Sé upplýsingunum sem um getur í fyrstu undirgrein skipt út fyrir nýjar upplýsingar skv. 3. mgr. á 12 mánaða tímabilinu sem þar er getið skulu lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, nota þær nýju upplýsingar að því er varðar a- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

3. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að upplýsingarnar sem birta skal skv. 1. mgr. séu uppfærðar reglulega að því er tekur til reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og að slíkar uppfærslur taki til allra breytinga á tilteknum hlutabréfum, heimildarskírteinum, kauphallarsjóðum og öðrum svipuðum fjármálagerningum sem hafa veruleg áhrif á fyrri útreikninga og birtar upplýsingar.
4. Að því er varðar þá útreikninga sem um getur í 1. mgr. skal reikna út veltu í tengslum við fjármálagerning með því að leggja saman, fyrir hver viðskipti sem framkvæmd eru á tilteknu tímabili, niðurstöður margföldunar á fjölda eininga viðkomandi fjármálagernings sem ganga kaupum og sölum með einingaverðinu sem gildir um viðkomandi viðskipti.
5. Eftir lok viðskiptadagsins en fyrir lok dagsins skulu viðskiptavettvangar afhenda lögbærum yfirvöldum þær upplýsingar sem tilgreindar eru í töflum 1 og 2 í III. viðauka, hvenær sem fjármálagerningurinn er tekinn til viðskipta eða viðskipti eru með hann í fyrsta skipti á þeim viðskiptavettvangi eða hvenær sem áður afhentar upplýsingar breytast.

18. gr.

Tilvísun til lögbærra yfirvalda

(Ákvæði 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Lögbært yfirvald yfir tilteknum fjármálagerningi sem ber ábyrgð á því að framkvæma útreikninga og tryggja að þær upplýsingar sem um getur í 4., 7., 11. og 17. gr. séu birtar opinberlega skal vera lögbært yfirvald þess markaðar sem best á við með tilliti til seljanleika sbr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og sem tilgreint er í 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571.

19. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 17. gr. skulu lögbær yfirvöld afla gagna, gera útreikninga og tryggja að þeir séu birtir opinberlega strax og þeim er lokið í samræmi við eftirfarandi tímaramma:
 - a) ef daginn sem viðskipti eru í fyrsta skipti með fjármálagerninginn á viðskiptavettvangi í Sambandinu ber upp a.m.k. 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skulu lögbær yfirvöld birta niðurstöðu útreikninganna eigi síðar en fjórum vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda,
 - b) ef dagurinn sem viðskipti eru í fyrsta skipti með fjármálagerninginn á viðskiptavettvangi í Sambandinu fellur innan þess tímabils sem hefst 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og lýkur daginn áður en reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skulu lögbær yfirvöld birta niðurstöðu útreikninganna eigi síðar en á þeim degi sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda.
2. Útreikningarnir sem um getur í 1. mgr. skulu framkvæmdir sem hér segir:
 - a) ef daginn sem viðskipti eru í fyrsta skipti með fjármálagerninga á viðskiptavettvangi í Sambandinu ber upp a.m.k. 16 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skulu útreikningarnir byggjast á fyrirliggjandi gögnum um 40 vikna viðmiðunartímabil sem hefst 52 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda,
 - b) ef dagurinn sem viðskipti eru í fyrsta skipti með fjármálagerninga á viðskiptavettvangi í Sambandinu fellur innan þess tímabils sem hefst 16 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og lýkur 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skulu útreikningarnir byggjast á fyrirliggjandi gögnum um fyrstu fjórar vikur viðskipta með þann fjármálagerning,
 - c) ef dagurinn sem viðskipti eru í fyrsta skipti með fjármálagerninga á viðskiptavettvangi í Sambandinu fellur innan tímabils sem hefst 10 vikum fyrir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og lýkur daginn áður en reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skulu útreikningarnir byggjast á fyrri viðskiptasögu þeirra fjármálagerninga eða annarra fjármálagerninga sem teljast hafa svipaða eiginleika og þeir fjármálagerningar.

3. Lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu nota þær upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við 1. mgr., að því er varðar a- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, á því 15 mánaða tímabili sem hefst daginn sem sú reglugerð kemur til framkvæmda.
4. Á tímabilinu sem um getur í 3. mgr. skulu lögbær yfirvöld tryggja eftirfarandi að því er varðar þá fjármálagerninga sem um getur í b- og c-lið 2. mgr.:
- a) að upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. eigi enn við að því er varðar a- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
- b) að upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. séu uppfærðar á grundvelli lengra viðskiptatímabils og yfirgripsmeiri viðskiptasögu, ef nauðsyn krefur.

20. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Ákvæði 19. gr. gilda þó frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar sem birta skal opinberlega

Tafla 1

Lýsing á tegund viðskiptakerfa og tengdar upplýsingar sem birta skal opinberlega í samræmi við 3. gr.

Tegund viðskiptakerfis	Lýsing á viðskiptakerfi	Upplýsingar sem birta skal opinberlega
Samfellt uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá (e. <i>continuous auction order book trading system</i>)	Kerfi sem notar tilboðaskrá og viðskiptaalgrím sem starfa án mannlegrar íhlutunar til að para með samfelldum hætti sölutilboð og kautilboð á grundvelli besta verðs.	Samanlagður fjöldi tilboða og hlutabréf, heimildarskríteini, kauphallarsjóðir, skríteini og aðrir svipaðir fjármálagerningar sem liggja þar að baki, á hverju verði fyrir a.m.k. fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða.
Verðdrifið viðskiptakerfi [áður þýtt tilboðsdrifið viðskiptakerfi] (e. <i>quote-driven trading system</i>)	Kerfi þar sem viðskipti fara fram á grundvelli bindandi verðtilboða sem þátttakendum er veittur stöðugur aðgangur að, sem krefst þess að viðskiptavakar viðhaldi verðtilboðum í stærð þar sem gætt er jafnvægis milli þarfar aðila og þátttakenda til að eiga í viðskiptum af viðskiptalegri stærð og áhættunnar sem viðskiptavakinn tekur á sig.	Verð hagstæðasta kaup- og sölutilboðs hvers viðskiptavaka fyrir hlutabréf, heimildarskríteini, kauphallarsjóði, skríteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu, ásamt magninu sem tengist þessu verði. Verðtilboð sem eru birt opinberlega skulu vera þau tilboð sem fela í sér bindandi skuldbindingu til að kaupa og selja fjármálagerningana og sem tilgreina verð og magn fjármálagerninga sem skráðir viðskiptavakar eru reiðubúnir að kaupa eða selja. Við sérstök markaðsskilyrði er þó heimilt að leyfa leiðbeinandi verð eða verð aðeins annarrar hliðar viðskiptanna í takmarkaðan tíma.
Reglulegt uppboðsviðskiptakerfi (e. <i>periodic auction trading system</i>)	Kerfi sem parar tilboð á grundvelli reglulegs uppboðs og viðskiptaalgríms sem starfar án mannlegrar íhlutunar.	Verðið sem fellur best að viðskiptaalgrími uppboðsviðskiptakerfisins fyrir hlutabréf, heimildarskríteini, kauphallarsjóði, skríteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu og magnið sem væri mögulega framkvæmanlegt á því verði fyrir þátttakendur í því kerfi.
Viðskiptakerfi með tilboðsbeiðnum (e. <i>request-for-quote trading system</i>)	Viðskiptakerfi þar sem eitt eða fleiri verðtilboð eru gefin vegna beiðni um tilboð sem lögð er fram af einum eða fleiri aðilum eða þátttakendum á viðskiptavettvangnum. Aðeins sá aðili eða þátttakandi sem leggur fram beiðnina getur framkvæmt viðskipti á grundvelli verðtilboðsins. Aðilinn eða þátttakandinn sem leggur fram beiðnina getur átt viðskipti með því að samþykkja eitt eða fleiri verðtilboð sem honum eru gerð samkvæmt beiðni.	Verðtilboðin og tengt magn frá aðila eða þátttakanda sem myndu leiða til viðskipta samkvæmt reglum kerfisins ef þau væru samþykkt. Öll verðtilboð sem lögð eru fram sem svar vegna beiðni um tilboð er heimilt að birta á sama tíma en eigi síðar en þegar þau verða framkvæmanleg.
Annað viðskiptakerfi	Hvers konar önnur tegund viðskiptakerfis, þ.m.t. blandað kerfi sem fellur undir tvær eða fleiri tegundir viðskiptakerfa sem um getur í þessari töflu.	Fullnægjandi upplýsingar um umfang tilboða eða verðtilboða og viðskiptaáhuga að því er varðar hlutabréf, heimildarskríteini, kauphallarsjóði, skríteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu, einkum fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða og/eða tvíhliða (e. <i>two-way</i>) tilboð hvers viðskiptavaka fyrir þann fjármálagerning, ef eiginleikar verðákvörðunarkerfisins gera það kleift.

Tafla 2

Táknatafla fyrir töflu 3

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n alstafir	Reitur fyrir frjálsan texta.
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja bókstafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.ddddddZ. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ — merkir að nota skuli bókstafinn „T“ — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.dddddd“ er sekúndan og sekúndubrotið, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á samræmdum heimstíma.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot með allt að n tölustöfum alls þar sem allt að m tölustafir geta verið brot	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi: — táknid sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — mínustölur eru með forskeytinu „-“ (mínus), Eftir atvikum skulu gildi námunduð og ekki stýfð.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383

Tafla 3.

Listi yfir upplýsingar í þágu gagnsæis að viðskiptum loknum

Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2.
Viðskiptadagur og -tími	Dagsetning og tími þegar viðskiptin voru framkvæmd. Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574. Að því er varðar viðskipti sem ekki eru framkvæmd á viðskiptavettvangi, dagsetning og tími þegar aðilar samþykkja innihald eftirfarandi reita: magn, verð, gjaldmiðlar í reitum 31, 34 og 44, eins og tilgreint er í töflu 2 í I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590, auðkenniskóði gernings, flokkun gernings og auðkenniskóði undirliggjandi gernings, eftir atvikum. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgöfins tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DATE_TIME_FORMAT}

Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2.
	Leiði viðskiptin af tilboði sem fyrirtækið sem framkvæmir þau leggur fram fyrir hönd viðskiptavinar þriðja aðila og skilyrðin fyrir framlagningu sem tilgreind eru í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 voru ekki uppfyllt skal tilgreina dagsetningu og tíma viðskiptanna frekar en framlagningar tilboðsins.		
Auðkenniskóði gernings	Kóði sem er notaður til að auðkenna fjármálagerning	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{ISIN}
Verð	Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum og áföllnum vöxtum. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Liggja verðið ekki fyrir en þess er beðið ætti gildið að vera „PNDG“. Eigi verð ekki við skal ekki fylla reitinn út. Upplýsingar sem eru veittar í þessum reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reitnum „Magn“.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð {DECIMAL-11/10} ef verðið er gefið upp sem prósentu eða ávöxtun „PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir
Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðill sem verðið er gefið upp í (á við ef verðið er gefið upp sem peningafjárhæð)	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{CURRENCYCODE_3}
Magn	Fjöldi eininga fjármálagerningsins. Nafnvirði eða peningagildi fjármálagerningsins. Upplýsingar sem veittar eru í þessum reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reitnum „Verð“.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	{DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningafjárhæð eða nafnvirði
Viðskiptastaður	Tilgreining vettvangs þar sem viðskiptin voru framkvæmd. Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta (e. <i>segment MIC</i>) fyrir viðskipti sem eru framkvæmd á viðskiptavettvangi. Sé markaðsauðkenniskóði markaðshluta ekki fyrir hendi skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraradila (e. <i>operating MIC</i>). Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XOFF“ um fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi ef viðskiptin með viðkomandi fjármálagerning eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi, hjá innmiðlara eða á skipulögðum viðskiptavettvangi utan Sambandsins.	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	viðskiptavettvangur: {MIC} Innmiðlarar: „SINT“

Auðkenni reits	Lýsing og upplýsingar sem birta skal	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2.
	Nota skal kóðann „SINT“ um fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi ef viðskiptin með viðkomandi fjármálagerning eru framkvæmd hjá innmiðlara.		
Birthingardagur og -tími	<p>Dagsetning og tími þegar viðskiptavettvangur eða viðurkennd birtingarþjónusta birti viðskiptin opinberlega.</p> <p>Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574.</p> <p>Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgefins dags og tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda.</p>	<p>Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga</p> <p>Viðurkennd birtingarþjónusta</p> <p>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar</p>	{DATE_TIME_FORMAT}
Birtingarvettvangur	Kóði sem er notaður til að auðkenna viðskiptavettvanginn eða viðurkenndu birtingarþjónustuna sem birtir viðskiptin opinberlega.	Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	<p>viðskiptavettvangur: MIC }</p> <p>Viðurkennd birtingarþjónusta: ISO 10383 markaðsauðkenniskóði markaðshluta (4 stafir) ef hann er til staðar. Annars, fjögurra stafa kóði eins og hann er birtur í skrá veitenda gagnaskýrsluþjónustu á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunarinnar.</p>
Auðkenniskóði viðskipta	<p>Alstafakóði sem viðskiptavettvangur (skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 ⁽¹⁾) og viðurkennd birtingarþjónusta úthluta og er notaður hvenær sem vísað er til viðkomandi viðskipta síðar.</p> <p>Auðkenniskóði viðskipta skal vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta og hvers viðskiptadags. Noti viðskiptavettvangurinn ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal auðkenniskóði viðskipta vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers markaðsauðkenniskóða rekstraraðila og hvers viðskiptadags.</p> <p>Noti viðurkennda birtingarþjónustan ekki markaðsauðkenniskóða ætti kóðinn að vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur fjögurra stafa kóði sem er notaður til að auðkenna viðurkenndu birtingarþjónustuna á tilteknum viðskiptadegi.</p> <p>Einstakir hlutar auðkenniskóða viðskipta mega ekki sýna hverjir eru mótaðilar viðskiptanna sem kóðinn gildir um.</p>	<p>Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga</p> <p>Viðurkennd birtingarþjónusta</p> <p>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar</p>	{ALPHANUM-52}

(¹) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar fyrirmæli með fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 193).

Tafla 4.

Listi yfir flagganir í þágu gagnsæis eftir viðskipti

Flöggun	Heiti	Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur	Lýsing
„BENC“	Flöggun vegna viðmiðunarviðskipta	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem framkvæmd eru með viðmiðun við verð sem er reiknað út yfir fleiri en einn tímupunkt í samræmi við tiltekið viðmiðunargildi, s.s. magnvegið meðalverð eða tímavegið meðalverð.
„ACTX“	Flöggun vegna víxlumboðsviðskipta (e. <i>agency cross transaction</i>)	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti þar sem verðbréfafyrirtæki hefur leitt saman tilboð viðskiptavina sinna og kaup og sala fara fram sem ein viðskipti í sama magni og á sama verði.
„NPFT“	Flöggun vegna viðskipta sem eru ekki verðmyndandi	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti með fjármálagerninga sem ákvarðast af öðrum þáttum en gildandi markaðsmati fjármálagerningsins eins og fram kemur í 13. gr.
„TNCP“	Flöggun vegna viðskipta sem hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið að því er varðar 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið að því er varðar 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og eins og tilgreint er 2. gr.
„SDIV“	Flöggun vegna viðskipta í tengslum við sérstakan arð	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru annaðhvort: framkvæmd á tímabilinu eftir arðleysisdag þegar arður eða annars konar útgreiðslur renna til kaupanda í stað seljanda, eða framkvæmd á tímabilinu fyrir arðleysisdag þegar arður eða annars konar útgreiðslur renna til seljanda í stað kaupanda.
„LRGS“	Flöggun eftir umfangsmikil viðskipti	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð og heimilt er að fresta birtingu á skv. 15. gr.
„RFPT“	Flöggun vegna viðskipta á grundvelli viðmiðunarverðs	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í kerfum sem starfa í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
„NLIQ“	Flöggun vegna umsaminna viðskipta með auðseljanlega fjármálagerninga	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014.
„OILQ“	Flöggun vegna umsaminna viðskipta með illseljanlega fjármálagerninga	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014.
„PRIC“	Flöggun vegna umsaminna viðskipta sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við iii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014 og eins og tilgreint er í 6. gr.
„ALGO“	Flöggun vegna algrímsviðskipta	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd vegna þess að verðbréfafyrirtæki á í algrímsviðskiptum eins og þau er skilgreind í 39. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

„SIZE“	Flöggun vegna viðskipta yfir staðlaðri markaðsstærð	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd hjá innmiðlara þar sem stærð tilboðsins sem berst er yfir staðlaðri markaðsstærð eins og hún er ákvörðuð í samræmi við 11. gr.
„ILQD“	Flöggun vegna viðskipta með illseljanlega gerninga	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti með illseljanlega gerninga eins og þeir eru ákvarðaðir í samræmi við 1. og 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 ⁽¹⁾ , sem framkvæmd eru hjá innmiðlara.
„RPRI“	Flöggun vegna viðskipta með bættu verði	Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Viðskipti sem eru framkvæmd hjá innmiðlara með bættu verði í samræmi við 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
„CANC“	Flöggun vegna afturköllunar	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Þegar áður birt viðskipti eru afturkölluð.
„AMND“	Flöggun vegna breytingar	Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga Viðurkennd birtingarþjónusta Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar	Þegar áður birtum viðskiptum er breytt.
„DUPL“	Flöggun vegna afritaðra upplýsinga um viðskipti	Viðurkennd birtingarþjónusta	Þegar viðskipti eru tilkynnt fleiri en einni viðurkenndri birtingarþjónustu í samræmi við 1. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaihlutun og stöður (Stjórn. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 90).

II. VIÐAUKI

Tilboð sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð, stöðluð markaðsstærð og frestun á birtingum og tafir

Tafla 1

Fyrirmæli sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð fyrir hlutabréf og heimildarskírteini

Meðaldagsvelta (MDV) í evrum	MDV ≤ 50 000	50 000 ≤ MDV < 100 000	100 000 ≤ MDV < 500 000	500 000 ≤ MDV < 1 000 000	1 000 000 ≤ MDV < 5 000 000	5 000 000 ≤ MDV < 25 000 000	25 000 000 ≤ MDV < 50 000 000	50 000 000 ≤ MDV < 100 000 000	MDV ≥ 100 000 000
Lágmarksstærð tilboða sem teljast umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð í evrum	15 000	30 000	60 000	100 000	200 000	300 000	400 000	500 000	650 000

Tafla 2

Tilboð sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð fyrir skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga

Meðaldagsvelta (MDV) í evrum	MDV < 50 000	MDV ≥ 50 000
Lágmarksstærð tilboða sem teljast umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð í evrum	15 000	30 000

Tafla 3

Stöðluð markaðsstærð

Meðalvirði viðskipta (MVV) í evrum	MVV < 20 000	20 000 ≤ MVV < 40 000	40 000 ≤ MVV < 60 000	60 000 ≤ MVV < 80 000	80 000 ≤ MVV < 100 000	100 000 ≤ MVV < 120 000	120 000 ≤ MVV < 140 000	O.s.frv.
Stöðluð markaðsstærð	10 000	30 000	50 000	70 000	90 000	110 000	130 000	O.s.frv.

Tafla 4

Viðmiðunarmörk um frestun birtingar og tafir fyrir hlutabréf og heimildarskírteini

Meðaldagsvelta (MDV) í evrum	Tilskilin lágmarksstærð viðskipta svo frestun birtingar sé heimil, í evrum	Tímasetning opinberrar birtingar eftir viðskipti
> 100 m	10 000 000	60 mínútur
	20 000 000	120 mínútur
	35 000 000	Lok viðskiptadags
50 m-100 m	7 000 000	60 mínútur
	15 000 000	120 mínútur
	25 000 000	Lok viðskiptadags
25 m-50 m	5 000 000	60 mínútur
	10 000 000	120 mínútur
	12 000 000	Lok viðskiptadags
5 m-25 m	2 500 000	60 mínútur
	4 000 000	120 mínútur
	5 000 000	Lok viðskiptadags
1 m-5 m	450 000	60 mínútur
	750 000	120 mínútur
	1 000 000	Lok viðskiptadags
500 000-1 m	75 000	60 mínútur
	150 000	120 mínútur
	225 000	Lok viðskiptadags
100 000-500 000	30 000	60 mínútur
	80 000	120 mínútur
	120 000	Lok viðskiptadags
50 000-100 000	15 000	60 mínútur
	30 000	120 mínútur
	50 000	Lok viðskiptadags
< 50 000	7 500	60 mínútur
	15 000	120 mínútur
	25 000	Lok viðskiptadags

Tafla 5

Viðmiðunarmörk um frestun birtingar og tafir fyrir kauphallarsjóði

Tilskilin lágmarksstærð viðskipta svo frestun birtingar sé heimil, í evrum	Tímasetning opinberrar birtingar eftir viðskipti
10 000 000	60 mínútur
50 000 000	Lok viðskiptadags

Tafla 6

Viðmiðunarmörk um frestun birtingar og tafir fyrir skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga

Meðaldagsvelta (MDV) í evrum	Tilskilin lágmarksstærð viðskipta svo frestun birtingar sé heimil, í evrum	Tímasetning opinberrar birtingar eftir viðskipti
MDV < 50 000	15 000	120 mínútur
	30 000	Lok viðskiptadags
MDV ≥ 50 000	30 000	120 mínútur
	60 000	Lok viðskiptadags

III. VIÐAUKI

Tilvísunargögn til afhendingar til gagnsæisútreikninga

Tafla 1

Táknatafla

Tákn	Gagnategund	Skilgreining
{ALPHANUM-n}	Allt að n alstafir	Reitur fyrir frjálstan texta.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383

Tafla 2

Nánari upplýsingar um tilvísunargögn til afhendingar til gagnsæisútreikninga

#	Reitur	Upplýsingar sem skal veita	Snið og staðlar upplýsingagjafar
1	Auðkenniskóði gernings	Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn	{ISIN}
2	Fullt heiti gernings	Fullt heiti fjármálagerningsins	{ALPHANUM-350}
3	Viðskiptavettvangur	Markaðsauðkenniskóði hluta viðskiptavettvangsins eða innmiðlarans, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila.	{MIC}
4	MiFIR-auðkenni	Auðkenning hlutabréfageringa Hlutabréf eins og um getur í a-lið 44. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/EB, Heimildarskírteini eins og þau eru skilgreind í 45. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, Kauphallarsjóður eins og hann er skilgreindur í 46. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, Skírteini eins og þau eru skilgreind í 27. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, Annar fjármálagerningur sem líkist hlutabréfum er framseljanlegt verðbréf sem er hlutabréfageringur sem svipar til hlutabréfs, kauphallarsjóðs eða skírteinis en er hvorki hlutabréf, kauphallarsjóður né skírteini.	Hlutabréfageringar: SHRS = hlutabréf ETFS = kauphallarsjóðir DPRS = heimildarskírteini CRFT = skírteini OTHR = aðrir fjármálagerningar sem líkjast hlutabréfum